

# VÖRPUM LJÓSI Á RÓTARÝ



# Rótarý DAGURINN 2015

28. FEBRÚAR 2015

# RÓTARÝDAGURINN

laugardaginn 28. febrúar 2015

## „VÖRPUM LJÓSI Á RÓTARÝ“

Aðalatriðið er að skipuleggja skemmtilega, formlega eða óformlega viðburði í samfélaginu til að kynna almenningi starf Rótarý. Klúbbur geta sameinast um stærri viðburð.

### AF HVERJU?

Ímynd Rótarý á að styrkjast! Áhugi á því að ganga til liðs við Rótarý getur aukist!

### HVERNIG?

Hver klúbbur heldur Rótarýdag með ofangreint að markmiði en **hefur frjálssar hendur** með skipulag dagsins.

## VERUM VIRK OG SÝNILEG



Guðbjörg Alfreðsdóttir  
umdæmisstjóri  
Rótarý á Íslandi

Ágæti rótarýfélagi.

*Það er að frumkvæmi Gary C.K. Huang heimsforseta sem rótarýklúbbur um allan heim verða með skemmtilega, óformlega upptöku sem hefur fengið nafnið Rótarýdagurinn.*

*Markmiðið er ekki aðeins að styrkja ímynd Rótarý í samfélaginu heldur einnig að auka áhuga fólks á að taka þátt í starfi Rótarý.*

*Allir rótarýfélagar eru hvattir til að taka virkan þátt í deginum og hver klúbbur hefur verið hvattur til að virkja eina klúbbnefnd til að sjá um undirbúninginn með fulltingi klúbbfélaganna.*

*Verum virk og sýnileg!*



# HUGMYNDIR?

- Fáíð nokkra fyrirlesara til að flytja röð örerinda sem tengjast samfélaginu, á opinberum stað, t.d. í verslunarmiðstöð, ráðhúsi, íþróttahúsi.
- Fáíð góða tónlistarmenn eða þekktar persónur til að taka þátt í deginum.
- Styrkið íþróttaviðburð, segið frá Rótarý og dreifið bæklingi.
- Haldið kynningu á Rótarý og bjóðið eitthvað í gogginn, jafnvel bakið/ eldið á staðnum.
- Aðstoðið við uppbyggingu á samfélagsverkefni. Gerið það sýnilegt.
- Vekið athygli á því atvinnulífi sem er í bæjarfélaginu/samfélaginu t.d. með veggspjaldakynningu
- Standið fyrir ráðstefnu um ákveðið verkefni t.d. friðarmál.
- Verið með veggspjöld á fjölförnum stöðum.
- Takið fólk tali og segið frá Rótarý.
- Haldið Rótarý-rokktónleika með ungum hljómsveitum.
- Standið fyrir plastpokalausum innkaupadegi og gefið taupoka.
- Standið fyrir skemmtiskokki/ skíðagöngu fyrir alla fjölskylduna og bjóðið upp á heitt kakó og kleinur á eftir.
- Standið fyrir starfskynningu þar sem rótarýfélagar segja frá sínu starfi. Hægt að fara í skóla eða halda örfyrirlestra.
- Vekið athygli á friðarmálum og friðarstyrkþegum Rótarý
- Vekið athygli á hlut Rótarý í PolioPlus – baráttunni gegn lömunarveiki.
- Vekið athygli á ungmenna- og skiptinemastarfi Rótarý – tækifærum fyrir ungt fólk.
- Vekið athygli á Rótarý byggir brunna í þróunarlöndunum.
- Vekið athygli á ýmsum samfélagsverkefnum einstakra klúbba í nær- og fjærumhverfi.
- Haldið t.d. sjávarréttaveislu með veislustjóra, skemmtiatriðum, happdrætti o.fl. Ágóði rennur til góðs verkefnis í nærumhverfi.

**Hafið frítt inn á viðburði og reynið að fá fyrirtæki til að styrkja.**

**Hafið viðburðina fjölskylduvæna.**

**Hvetjið féлага til að taka með sér maka og börn, aðra ættingja og vini.**

**Verið með veggspjöld eða standa með kynningu á Rótarý.**

**Dreifið kynningarbæklingi um Rótarý.**



# SEGIÐ FRÁ!

Sendið myndir frá Rótarýdeginum á Facebook, Instagram eða Twitter. Sendið stutt myndbönd og mun Gary C.K. Huang heimsforseti Rótarý veita verðlaun fyrir bestu myndböndin.


Rótarýumdæmið veitir viðurkenningar fyrir best heppnuðu Rótarýdagana.

## AÐSTOÐ OG UPPLÝSINGAR

Nefnd um Rótarýdaginn, sem skipuð er Esther, Eyþóri og Knúti aðstoðarumdæmisstjórum, Guðna kynningarstjóra og Markúsi Erni ritstjóra veita nánari upplýsingar og aðstoða eftir megni.

Sendið þeim póst á [rotarydagurinn@rotary.is](mailto:rotarydagurinn@rotary.is)

[www.rotary.is/rotaryklubbar/rotarydagurinn](http://www.rotary.is/rotaryklubbar/rotarydagurinn)



**Rotary**  
á Íslandi

